



Fundargerð 66. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 11. nóvember 2022, kl. 08:30 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Reykjanesbæ.

Mætt eru: Magnús Stefánsson (formaður), Sigurgestur Guðlaugsson, Arnbjörn Ólafsson, Fannar Jónasson, Gunnar Axel Axelsson, Árni Sigfússon, Berglind kristinsdóttir, Sigrún Elefsen, Jóhann Snorri Sigurbergsson

Forföll: Daníel Einarsson og Hanna María Kristjánsdóttir

Starfsmenn: Þuríður Aradóttir Braun

Dagskrá fundarins:

1. Reykjanes – staða mála vegna lögbanns.

Farið var yfir málefni lögbannsins og stöðu mála. Ákveðnum áfanga hefur verið náð en málið er ennþá í ferli og lokaniðurstaða liggur ekki fyrir.

2. Undirritun ársreiknings 2022

Kristján Ragnarsson endurskoðandi Deloitte kom inn á fundinn og fór yfir ársreikning jarðvangsins.

Óskað eftir sundurliðun framkvæmda samhliða framsetningu á ársreikningi, þar sem framkvæmdir séu settar fram í skýringum með ársreikningi sem sundurliðun á verkefnakostnaði.

Ákveðið að stjórn fundi aftur fyrir aðalfund og undirriti ársreikninginn.

3. Undirbúningur starfs- og fjárhagsáætlunar 2023.

Umræða um fjárhagsáætlun og starfsáætlun

Verkefnastjóra falið að setja upp áætlanir sem lagðar verða fyrir á ársfundi.

- Stefnumótun fyrir næstu ár verði verkefni stjórnar eftir aðalfund og hún liggi fyrir þegar jarðvangurinn fer í endurskoðun hjá UNESCO sumarið 2023. Nýrri stjórn falið að vinna verkefnið áfram.
- Endurskoðun jarðvangsins innan UNESCO er á næsta ári og endurspegla verkefni jarðvangsins.
- Rekstur og lagfæringar á áningastöðum, mikilvægt að skerpa línur á ábyrgð og viðhaldi milli sveitarfélaga, landeigenda og jarðvangs.

4. Undirbúningur aðalfundar 2022.

Lagt til að aðalfundur verði haldinn föstudaginn 28. nóvember kl. 9.00.

Berglindi falið að boða til fundar. Fundurinn verður haldinn á Skógarbraut 945 en boðið uppá að fundarmenn geti tekið fundinn á Teams.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 9.30.